

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 14. maí 2020
UST202004-305/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 og nýtt deiliskipulag vegna efnistöku í fjörunni austan við Vík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og nýju deiliskipulagi fyrir efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík í Mýrdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina efnistökusvæði og iðnaðarsvæði þar sem er gert ráð fyrir efnistöku á sandi í fjöruborðinu og sandi, sem ekki er nýtanlegur, er skilað aftur í fjöruna.

Stjórn vatnamála

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, getur haft áhrif á straumvatnið Uxafótarlæk, sem hefur vatnshlotsnúmerið 103-983-R, og strandsjóinn Lón að Dyrhólaey sem hefur vatnshlotsnúmerið 103-1340-C undir stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Löginn taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi


til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna og strandsjávar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.


Efnislosun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreind séu svæði í tillögnum þar sem sandi, sem er ekki nýtanlegur, er skilað. Umhverfisstofnun bendir á að setja efni í hafið í þeim tilgangi að losa sig við það telst vera varp í hafið og er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Sandurinn, sem er skilað, er skilgreindur sem náttúruleg óvirk efni og fellur undir b. lið. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur